

Greinargerð

Framkvæmdir í Íþróttamiðstöð

Íþróttamiðstöðin á Brimhólalaut var byggð á árunum 1974-1976 og endurbyggð að hluta á árunum 1999-2001, auk þess sem nýr íþróttasalur og nýir búningsklefar voru byggðirvoru byggðir þá.

Viðhaldi hefur verið misjafnlega sinnt og frekar beinst að því að laga það sem úrskaiðis hefur farið fremur en að fyrirbyggja skemmdir.

Ljóst er að efnisval og aðferðarfræði við upphaflegu bygginguna er ekki af þeim gæðum sem miðað væri við í dag, enda þekkingu og tækni fleygt fram. Samt sem áður hefur töluverð vinna farið í millibyggingu, auk þess sem gamli íþróttasalurinn og sundlaugarsalurinn voru klæddir á árunum 1989-1994. Komið hefur í ljós að þær framkvæmdir hafa ekki reynst sem skyldi og þörf er á endurbótum á svæðum sem lagfærð voru.

Vorið 2019 kom í ljós leki framan við sundlaugarklefa. Ekki er alveg óþekkt að lekar komi fram í gömlum byggingum og er þá venjulega um að ræða skemmdir á þakdúkum eða loftunarrörum sem standa upp úr þakinu víða. Fram til þessa hefur verið hægt að bregðast við með lagfæringum og hefur það verið gert alloft.

Við skoðun á lekanum vorið 2019 kom þó í ljós að eitthvað meira væri að en beinn leki ofan af þaki. Var ákveðið að taka niður loftið í einu bili á klefagangi. Kom þá í ljós að bleyta var í öllu þakvirkinu, alveg niður í loftaklæðningar að innan. Loftun á þakinu var greinilega ekki næg og hafði myndast raki með árunum, sem síðan mettast og verður að vatni, við ákveðnar aðstæður.

Strax komu í ljós miklar skemmdir á þakinu. Talið var nauðsynlegt að skipta út þakinu og við skoðun var allt þakið, þ.á.m. yfir búningsklefum, skoðað. Í ljós kom að allt þakið var í svipuðu ástandi. Hafði þetta víða skemmt út frá sér. Því var ákveðið að skipta um glugga á vesturhlið sundlaugarsalar í leiðinni og breyta bæði þak- og vegguppyggingu.

Í eftirfarandi töflu eru raktar þær framkvæmdir og kostnaður sem ráðist var í til þess að bæta ástand Íþróttamiðstöðvarinnar og koma þannig í veg fyrir stórskemmdir á húnæðinu.

Í verkinu var lagt upp með að lágmarka þann möguleika að svona gallar munu endurtaka sig og var hönnun unnin út frá endingu og notagildi á öllum stigum. Við bættist að breyta miðjugangi í klefa, loftræstirými og fleira. Einnig var skipt um loftræstikerfi í sundlaugarsal og gamla íþróttasalnum og búningsklefar í sundlaug og gamla íþróttasalnum bættir.

SAMANTEKT Á KOSTNAÐI VEGNA FRAMKVÆMDA 2020

FJÁRHÆÐ

1	Hönnun og eftirlit	2.563.080 kr.
2	Rif, burðarvirki, þak, gluggar hurðir	68.084.172 kr.
3	Lagnir	16.745.130 kr.
4	Rafkerfi, smáspennukerfi, brunakerfi,öryggiskerfi	16.272.534 kr.
5	Loftræsting	36.189.200 kr.
6	Steypa, sögun, flísalagnir	16.480.377 kr.
7	Málning, innréttingar	1.142.157 kr.
8	Innanstokksmunir	5.167.987 kr.
9	Annað (flutn. Ofi.)	669.255 kr.
Samtals		162.644.638 kr.

Vestmannaeyjum 04.09.2020

Ólafur Þór Snorrason, framkvæmdastjóri umhverfis-og framkvæmdasviðs

Hafþór Halldórsson, verkefnastjóri umhverfis-og framkvæmdasvið

Grétar Þór Eypórsson, forstöðumaður Íþróttamiðstöðvar

Björgvin Björgvinsson, Civil Engineer, TPZ teiknistofa